



Enn stöðugleiki á vinnumarkaði – en aukin óvissa framundan

Óbreytt ástand á vinnumarkaði

Niðurstöður vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar fyrir nóvember sýna áfram að stöðugleiki ríkir á íslenskum vinnumarkaði. Töluverðar sveiflur eru eftir mánuðum og árstíðum eins og eðlilegt er, en sé litið á 12 mánaða meðaltöl má sjá að sumar stærðir breytast ekki mikið. Það á t.d. við um atvinnuþátttöku, vinnutíma og atvinnuleysi.




Skráð atvinnuleysi á leið upp á við

Sé litið á 12 mánaða hlaupandi meðaltal atvinnuleysis er ekki miklar breytingar að sjá. Allt frá því vorið 2017 hefur atvinnuleysi verið nokkuð stöðugt, bæði samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar og skráðu atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun. Töluverðar árstíðar- og mánaðarsveiflur eru í tölum Hagstofunnar, en meðalatvinnuleysi í september, október og nóvember 2018 var 2,4% í ár samanborið við 2,7% 2017. Skráð atvinnuleysi hefur hins vegar aukist nokkuð að undanfögnu og var 2,5% í nóvember nú miðað við 2,2% í nóvember 2017.

Hópuppsagnir á árinu 2018

Nýjar fréttir af vinnumarkaði hafa verið frekar neikvæðar. Hópuppsögn WOW air þann 13. desember sl. var sú stærsta sem sést hefur lengi. Í desember 2018 var 269 manns sagt upp störfum í hópuppsögnum, 149 í flutningum og 120 í framleiðslu.

Á árinu 2018 fékk Vinnumálastofnun 15 tilkynningar um hópuppsagnir þar sem um 860 manns var sagt upp störfum. Uppsagnir í flutningum voru um 45% þessara uppsagna, um 31% voru í iðnaðarframleiðslu og um 17% í fiskvinnslu. Um 51% þessara hópuppsagna voru á höfuðborgarsvæðinu og um 34% á Suðurnesjum. Til samanburðar komu tilkynningar um 17 hópuppsagnir á árinu 2017 sem náðu til um 630 starfsmanna.





Könnun Gallup

Nýleg könnun Gallup fyrir Samtök atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands meðal stjórnenda 400 stærstu fyrirtækja landsins sýnir að sá skortur á starfsfólki sem við höfum búið við á síðustu misserum fer minnkandi og er nú svipaður og var á árinu 2014. Um 15% stjórnenda telja að fyrirtækin búi við starfsmannaskort en samsvarandi tala var 30% í ársгамalli könnun. Minna er um skort á starfsfólki í útflutningsfyrirtækjum og ferðaþjónustu en öðrum greinum.

Út frá könnuninni áætla Samtök atvinnulífsins að störfum hjá þeim sem vilja draga saman fækki um 2.000. Að sama skapi gæti störfum hjá fyrirtækjum sem vilja bæta við fjölgað um 600. Niðurstaðan gæti því orðið fækkun um u.þ.b. 1.400 störf.

Vinumarkaðskönnun fyrir nóvember

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar var ekki um miklar breytingar að ræða frá því í október. Áætlað var að 204.700 manns á aldrinum 16–74 ára hafi verið á vinnumarkaði í nóvember 2018, sem jafngildir 81% atvinnuþátttöku. Af þeim voru 198.800 starfandi og 5.900 án vinnu og í atvinnuleit. Hlutfall starfandi af mannfjölda var því 78,7% og hlutfall atvinnulausra af vinnuafli var 2,9%. Starfandi fólk var um 4.500 fleira nú í nóvember en í sama mánuði í fyrra.


Atvinnuþátttaka hefur minnkað töluvert frá því sem mest var

Sé litið á 12 mánaða meðaltal hefur atvinnuþátttaka verið mjög stöðug að undanfögnu. Hún jókst stöðugt frá upphafi ársins 2015 fram til vorsins 2017. Frá maí 2017 fram til maí 2018 dró úr atvinnuþátttöku um 1,8 prósentustig, en atvinnuþátttaka hefur verið nær óbreytt frá því í maí á síðasta ári. Á þennan mælikvarða er atvinnuþátttaka nú svipuð og var í upphafi ársins 2015.

Vinnutími lengist


Vinnutími var lengri í nóvember en á sama tíma 2017, 38,3 stundir á móti 37,9 stundum. Sé miðað við 12 mánaða meðaltal var vinnutíminn í nóvember sá sami og var í sama mánuði 2017 og hefur hann verið mjög stöðugur á þann mælikvarða allt þetta ár.

Atvinnuþátttaka



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Venjulegar vinnustundir



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Heildar fjöldi vinnustunda

Sé litið á vinnuafslnotkun eða heildar fjölda vinnustunda má sjá að starfandi fólki fjölgaði um 2,3% milli ára og vinnutími jókst um 1,1%. Heildar fjöldi vinnustunda jókst því um 3,4% og hefur verið stöðug aukning á þann mælikvarða frá því í júní.


Mismundandi upplýsingar en óvissa framundan

Þrátt fyrir fréttir um uppsagnir í lok síðasta árs sýna tölur margra síðustu mánaða fá merki um að sterkur vinnumarkaður sé að gefa eftir. Reyndar byggja þær niðurstöður einungis á tölum fram til nóvembermánaðar. Atvinnuþátttaka hefur verið stöðug og það sama má segja um vinnutíma. Atvinnuleysi hefur verið í lágmarki og stöðugt, en þó virðist skráð atvinnuleysi frekar vera að þökast upp á við.

Væntingar virðast frekar á leið niður á við og viðhorf stjórnenda fyrirtækja til fjölda starfsmanna virðast á sömu leið.

Fregnir og umræða um vinnumarkaðinn hafa því verið með neikvæðara móti að undanförunu og verður því athyglisvert að fylgjast með tölum næstu mánaða um þróun og stöðu á vinnumarkaði. Spurningin er hvort fréttir og væntingar muni endurspeglast í tölum næstu mánaða.

Atvinna og vinnutími - 12 mánaða breytingar



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.